

Mánudaginn 13. janúar 1919.

67/1918:

Erasmus Gíslason
gegn
Oddi Gíslasyni

Úrskurður:

Hinn fyrsta fyrirtektardag máls þessa 16. f. m. lagði áfrýjandi fram áfrýjunarstefnu og dómsgjörðir og bað svo um frest til málsútlístunar til næsta réttardags, með því að hann hefði ekki fengið dómsgjörðir undirréttarins fyr en daginn áður. Fyrir hönd stefnda mætti yfirjettarmálaflutingsmaður Jón Ásbjörnsson; mótmælti hann að hinn umbeðni frestur yrði veittur, og krafðist frávísunar málsins og málskostnaðar. En þar sem umboðsmaður stefnda hefur eigi véfengt skýrslu áfrýjanda um ástæðu þá, er frestbeiðnin byggist á, virðist eigi næg ástæða til að neita áfrýjanda um stuttan frest til málsútlístunar, og ber því að veita honum vikufrest í þessu skyni.

Fyrir því úrskurðast:

Áfrýjanda veitist vikufrestur til málsútlístunar.